

Ísland á filmu, verkefni í íslensku sem öðru máli

Opnið islandafilmu.is (islandpaafilm.dk/is). Skoðið Íslandskortið eða ýtið á flipann *Sjá myndir* og skrunið í gegnum lista af myndum og myndskleiðum. Athugið að það getur verið gott að haka við *allt* vinstra megin.

Skrifleg lýsing

Veldu myndskleið sem vekur áhuga þinn og lýstu því. Myndskleiðið skal vera a.m.k. 2 mínútur.

- Skrifaðu titil, útgáfuár, tímalengd, tal/þögul mynd og settu inn hlekkinn að myndskleiðinu.
- Hvað er að gerast í myndskleiðinu?
- Hvað finnst þér áhugavert í myndskleiðinu?
- Hvað finnst þér vera „gamaldags“ í myndskleiðinu? T.d. hlutir, föt, hús, hvað fólk er að gera...
- Tekurðu eftir einhverju í umhverfinu sem er öðruvísi í dag? T.d. hús eða gróður sem er farinn. Er eitthvað sem er eins?
- Hvernig er veðrið í myndskleiðinu?

Hér er líka hægt að velja þema fyrir myndskleið sem nemendur eiga að velja, t.d. myndskleið sem sýnir frá íslensku sveitalífi, borgarlífi, verkavinnu, náttúrulegu lífi...

Munnleg lýsing, 2-3 saman í hóp

Horfið á myndskleiðið *Tóvinnu* (<https://www.islandpaafilm.dk/is/node/65215>) og hlustið á hvernig maðurinn lýsir því sem fólk er að gera. Næst skulið þið velja myndskleið sem er ekki með tali. Myndskleiðið skal vera 1-3 mínútur. Horfið á myndskleiðið og skoðið vel hvað fólk er að gera. Skrifðu handrit að lýsingu á myndskleiðinu eins og lýsingin er í *Tóvinnu*. Takið upp upptöku á síma og lesið lýsinguna þannig að hún passi við myndskleiðið. Það er gott að spila myndskleiðið um leið og þið takið upp svo það passi rétt. Spilið myndskleiðið með lýsingunni ykkar fyrir bekkinn.